

Konur séu konur

Kaeru fundargestir. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þetta tækifæri til að fá að segja nokkur orð um ímynd kvenna í fjölmöldum. Ég vil þó byrja á að tala um Kvennalistann og kvennabaráttuna almennt, eins og hún horfir við mér.

Pegar amma míin dó syrir nokkrum árum, leitaði það á mig mjög sterkt, að ég vissi ekki hvað það væri að trúá á Guð. Ég gekk um gólf í nokkra daga og hugsaði um þetta, og bað til Guðs að ég skildi hvað trú væri. Ég hlýt að hafa verið bænheyðr, því í dag er ég miklu nærrum þessi mál en ég var þá.

En einmitt svona leið mér begar ég fór að hugsa um kvennabaráttuna og kvenréttindamál. Ég skil ekki almennilega út á hvað málid gengur á Íslandi í dag, en ég vona að ég verði einhverju nærrum estir þennan fund í kvöld.

Ég hef til dæmis alltaf tengt Kvennalistann við venjulega pólitík. Pað er að segja, ég sé engan mun á Kvennalistanum og öðrum stjórnálaflokkum í landinu. Mér finnst Kvennalistakonur ekkert vera að berjast sérstaklega fyrir framgangi kvenna í þjóðfélögum. Frekar finnst mér þetta konur í karla-leik inni á þingi að tala um ESB, álver, kjör hinna lægst launuðu og öll þessi hefð-bundnu þras-mál.

Auk þess er alltaf verið að kynna nýjar konur til sögunnar. Pegar manni er farið að líka ágætlega við þingkonu Kvennalistans í sínu kjördæmi, finnst hún klár, málefnaleg, skoruleg í ræðustól og enginn eftirbátur karlanna, þá er henni kippt út og ný sett inn í staðinn. Þetta er eins og Menningarbytingin í Kína, þegar landbúnaðarverkamennir voru settir inn á rannsóknarstofurnar og meina-tækarnir út á akranar til að endurvekja bytingarandann. Þær bestu eru teknar út af, þegar leikurinn stendur sem hæst, og varamenn settir inn á. Þjálfari sem hagaði sé svona í fótboldaleik yrði umsvifalaust rekinn, það get ég fullyrt.

Elín Hirst, fyrrverandi fréttastjóri Stöðvar 2, kom blöðinu á hreyfingu á fundi Kvennalistans sl. föstudag. Hún og fleiri voru beðnar að fjalla um ímynd kvenna í fjölmöldum. Erindi Elínar snérist þó ekki síður um Kvennalistann og vöktu orð hennar hörd viðbrögð fundar gesta. Dagur-Tíminn birtir hér erindi Elínar Hirst.

Elín Hirst.

kosningarétt.

Ný ríkisstjórn Thorbjörns Jagland í Noregi sýnir okkur hins vegar allt aðra mynd. Þær hópur af konum ráðherrar. Gaman væri að fá álit fundargesta á því hér á eftir hvers-vegna norskar konur fá meira brautargengi í pólitík en íslenskar. Væri ekki ráð fyrir flokk eins og Kvennalistann að kynna sér hvað liggar að baki velgengni norska kvenna við að koma ár sinni fyrir borð í pólitík?

Ég tel það nauðsynlegt fyrir okkar þjóðfélag að konur stjórnir því jafnt á við karla. Lífsviðhorf kvenna, stjórnunarstíll og framkoma eiga ríkt erindi inn á þann vettvang. Til að skapa betra þjóðfélag fyrir alla. En ég vara konur við að reyna að breyta sér í karla og fissa og sveia yfir öllu sem kvenlegt

spæglu pann raunveruleika sem við búum við hér í okkar landi. Á Íslandi situr til dæmis að-eins ein kona í tíu manna ríkisstjórn, og svoleiðis hefur það verið um árabíl. Ein kona hefur fengið að fljóta með inn í stjórnina, „meira upp á húmorinn“ finnst manni, til þess svona að minna að konur hafi



er. Til að breyta stjórnarháttum í þjóðfélagi stoðar ekki að skipta út körlum fyrir karlkonur með sömu gildi og áherslur og þeir, heldur þarf kvenfólk af öllum stærðum og gerðum. Mjóar og feitar. Hallærисlegar og skvíselegar. Frjálslyndar og ihaldssamar.

Nú er ég komin aftur að því sama að ég skil ekki kvennabaráttu. Af hverju að fárást út í það að konur séu vel vaxnar eða glæsilegar? Er Cindy Crawford skaðleg kvenímyndinni af því að hún sýnir sinn flotta kropp í Pepsiuglysingu, sem ég var beðin um að fjalla um í þessari ræðu minni?

Væri ekki miklu nærrum á fjölmöld að hvetja konur til þess að líta vel út. Þæð fer saman gott útlit og góð heilsa, og svo er þetta líka spurning um áróðurstækni. Ég verð nú að segja forystukonum Kvennalistans það til hróss að þær hafa kveikt á perunni í þessum efnunum, hvað þær sjálfar varðar að minnsta kosti. Þær spá í líti og snið áður en þær fara fram fyrir sjónvarpsvélarnar, svo og hárgreiðslu og snyrtingu.

Ég vil alls ekki gera kynin eins. Mér finnst það ekkert eftirsóknarvert að vera karlmaður, ég vil vera kona. Ég vil miklu frekar baka þönnukökur en skipta um dekk á bílnum, þegar ég á frí um helgar. Hversvegna á að eyðileggja þetta fyrir mér? Er ég eitt hvað minni bógur fyrir vikið? Nei, það held ég ekki. Ég myndi til dæmis alls ekki vilja skipta við karlinn og fara út að vinna strax og ég væri búin að eiga barn og láta hann taka fæðingarorlofið mitt, eins og nú er verið að bjóða.

Ég tek líka út fyrir það að horfa á son minn þíndan til að prjóna í handavinnu, bara til þess að hann læri svokölluð kvenmannsverk. Ég myndi sjálf ekki vilja sjá að læra að smíða, frekar en hann að prjóna. Gæti ekki verið að eðli kynjanna sé einfaldlega ólíkt, bannig að þeim falli betur að gera einn hlut fremur en annan? Er eitt-hvað slæmt að mér láti betur að prjóna vegna þess að hendur mínar eru líffræðilega örurvísí af guði gerðar en karlmannans? Og það láti honum betur að smíða af því að hann er með örurvísí líkamsþyggingu en ég? Það sem sameinar okkur er að þykja skemmtilegt að fást við hluti sem við ráðum við og gerum vel.

Er ekki alltaf verið að hvetja til aukinnar sérhæfingar í þjóðfélagini til að auka hagvöxtinn? Eitt veit ég að sonur minn myndi ekki fara vel út úr því að vinna á prjónastofu, frekar en ég á smíðaverkstæði. Og það sama held ég að eigi við um 95 prósent af karlkyninu og 95 prósent af kvenkyninu.

En hvernig að þá að heyja baráttuna, því hennar er svo sannarlega þörf? Konur eru helmingur þjóðarinnar og samkvæmt því ættu þær að vera um helmingur alþingismanna, helmingur ráðherra, helmingur

borgarfulltrúa, helmingur stjórnenda stórfyrirtækja og svo framvegis.

En biðum aðeins hægar. Konur fóru ekki að koma út á vinnumarkaðinn fyrir alvöru

Elín Hirst, fyrrum fréttastjóri, gagnrýndi Kvennalistann og sagði að hún hefði engan sérstakan áhuga á því að sonur sinn lærði að prjóna!

fyrir en á áttunda áratugnum. Karlarnir hafa getað hreiðrað um sig í mestu makindum í öllum helstu lykilstöðum í þjóðfélögum, og haft til þess margar aldir. Peir hafa einnig búið til í kringum sig allskyns samtök: Lions, Oddfellow, Kiwanis, Frímúrarar og hvað þetta heitir allt saman. Peir hafa bundist tryggðaböndum þvers og kruss um allt þjóðfélagið. Peir líta meira að segja á það sem óþægilega árás á einkalíf sitt að þurfa að bjóða kvenstjórnanda með í veiðitíðinn hjá kompanfinu og stíngar frekar upp á heilum degi í Baðhúsi Lindu Pé fyrir hann. Gott og vel. Þetta mun taka tíma, en það mun líka bera árangur. Bara að konur gleymi ekki að vera konur.

Takk fyrir.



PJÓÐLEIKHÚSID

Stóra sviðið kl. 20:00:

Söngleikurinn Hamingjuránið
eftir Bengt Ahlfors
Fimmtud. 7. nóv.
Sunnud. 10. nóv. Næstsíðasta sýning.
Föstud. 15. nóv. Síðasta sýning.

Prek og tár
eftir Ólaf Hauk Símonarson.
Föstud. 8. nóv. Nokkur sæti laus.
Laugard. 16. nóv. Nokkur sæti laus.
Sunnud. 24. nóv. Laugard. 30. nóv.
Ath. Fáar sýningar eftir.

Nanna systir
eftir Einar Kárason og
Kjartan Ragnarsson
Laugard. 9. nóv. Nokkur sæti laus.
Fimmtud. 14. nóv. Sunnud. 17. nóv.
Laugard. 23. nóv. Föstud. 29. nóv.

Kardemommubærin
eftir Thorbjörn Egner
Sunnud. 10. nóv. kl. 14.
Nokkur sæti laus.
Sunnud. 17. nóv. kl. 14.
Sunnud. 24. nóv. Sunnud. 1. des.
Síðustu 4 sýningar.

Smíðaverkstæði kl. 20:30

Leitt hún skyldi vera skækja
eftir John Ford
Á morgun. Uppsett.
Laugard. 9. nóv. Uppsett.
Fimmtud. 14. nóv. Uppsett.
Sunnud. 17. nóv. Örfá sæti laus.
Föstud. 24. nóv. Laugard. 23. nóv.
Miðvikud. 27. nóv.

Athygli er vakin á að sýningin er ekki við hæfl barna.

EKKI ER HÆGT AÐ HEYLA GESTUM INN I SALINN EFTIR AÐ SÝNING HEFT.

Litla sviðið kl. 20:30:

Í hvítu myrkri
eftir Karl Ágúst Úlfsson
Fimmtud. 7. nóv. Uppsett.
Föstud. 8. nóv. Uppsett.
Aukasýning sunnud. 10. nóv.
Laus sæti.
Föstud. 15. nóv. Uppsett.
Laugard. 16. nóv. Uppsett.
Fimmtud. 21. nóv. Uppsett.
Sunnud. 24. nóv. Örfá sæti laus.

Athuglið að ekki er hægt að hleypa gestum inn í salinn eftir að sýning heft.

★ ★ ★

Miðasalan er opin mánud. og
þriðjud. kl. 13:00-18:00,
miðvikud-sunnud. kl. 13:00-20:00 og til
20:30 þegar sýningar eru á þeim tíma. –
Einnig er tekið á móti símapóntunum frá kl.
10:00 virka daga. – Sími 551 1200.



LEIKFÉLAG AKUREYRAR



Sigrún Ástrós

Sýning laugard. 9. nóv. kl. 20:30.
Næstsíðasta sýning.
Sýning laugard. 16. nóv. kl. 20:30.
Síðasta sýning

Síðustu sýningar á Sigrún Ástrósu

Við vejkum athugið allra leikhúsunnenda að að aðeins eru eftir hvær sýningar á Sigrún Ástrósu. Sýningin hlaut frábæra dómum gagnýrnd. Verkið er gamansamt og hugljúft, jafnframt því sem það slær á djúpa strengi í briðustum karla jafnt sem kvenna. Missið ekki af þessari skemmtilegu leiksýningu.

*
Dýrin í Hálsaskógi
eftir Thorbjörn Egner
Sýningar:
Laugard. 9. nóv. kl. 14:00
– Uppsett
Sunnud. 10. nóv. kl. 14:00
Sunnud. 10. nóv. kl. 17:00
Laugard. 16. nóv. kl. 14:00
Sunnud. 17. nóv. kl. 14:00
Miðasalan er opin alla virka daga nema mánud. kl. 13:00-17:00 og fram að sýningu sýningardaga.
Símsvari allan sólarhringinn. Sími í miðasölu: 462 1400.

Dagur-Tíminn

– besti tími dagsins!